

Föstudaginn 26. nóvember 1965.

Nr. 147/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Birgi Jónassyni (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Haraldur Henrysson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið yfirheyrð fyrir dómi og staðfest vætti sín.

Með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Jónasson, greiði í ríkissjóð 3.000 króna sekt, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 8 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 18. júní 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. júní s.l., er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, útgefnu 3. júní 1965, á

hendur Birgi Jónassyni verkamanni, Melgerði 29 í Kópavogi, fyrir að aka föstudagskvöldið 7. maí 1965 og fram á næstu nótt undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 9516 úr Fossvogi um götur Kópavogs og Reykjavíkur, unz akstur hans var stöðvaður á mótum Vitastígs og Njálsgötu.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 26. janúar 1922 í Reykjavík. Hann hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- 1938 10/5 Reykjavík: Áminning fyrir að aka bíl réttindalaus.
 1939 21/4 Rvík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 21/3 Rvík: Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
 1940 14/5 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir akstur án réttinda.
 1941 23/8 Rvík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1944 13/11 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 6/3 Rvík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 13/2 Rvík: Kærður fyrir árás. Var fluttur sem sjúklingur á geðveikrahæli að tilhlutan aðstandenda 25/2 1947.
 — 12/8 Rvík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1950 16/11 Rvík: Kærður fyrir ofsókn og árás á barnsmóður sína. Var fluttur á Klepp vegna geðveiki 18/1 1951.
 1953 8/7 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
 1954 4/9 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
 — 27/10 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
 — 4/12 Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
 1955 8/7 Rvík: Sátt 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
 — 17/5 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
 1956 25/6 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 350 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
 1957 7/12 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1958 28/10 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
 1962 9/4 Rvík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.

— 6/10 Rvík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
 1964 6/7 Hafnarfirði: Áminning fyrir brot á 5. gr. a, c og d-
 lið og 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 8. maí s.l., kl. 0145, hringdi Úlfar Jacobsen, Sóleyjargötu 13, Reykjavík, á lögreglustöðina í Reykjavík og tilkynnti, að hann hefði stöðvað bifreiðina R 9516 á horni Njálsgötu og Vitastígs, en hann taldi, að ökumaður hennar væri ölv-
 aður. Lögregluþjónar nr. 20, 46 og 136 fóru að sinna þessu. Þeim virtist ökumaðurinn, Birgir Jónasson, þ. e. ákærði í máli þessu, vera áberandi ölvaður og færðu hann til blóðtöku á Slysavarðstofuna og síðan fyrir varðstjóra til yfirheyrslu.

Þar viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka bifreiðinni R 9516 áleiðis heim til sín frá Miðstræti 5, Reykjavík.

Einnig viðurkenndi ákærði að hafa drukkið eina flösku af „Sherry“ á tímabilinu frá kl. 2300 til 2400, um klukkustund áður en hann var stöðvaður. Samkvæmt skýrslu varðstjóra var talsverður áfengisþefur af andardrætti ákærða, og varðstjóri taldi hann áberandi ölvaðan, en framkoma hans var samt kurt-
 eisleg.

Alkóhólrannsókn á blóðsýni ákærða leiddi í ljós redudcer-
 andi efni, er samsvara 1.19‰ af alkóhóli.

Fyrir sakadómi Kópavogs hinn 24. maí s.l. skýrði ákærði frá á líkan hátt og fyrr. Hann kveðst hafa farið heiman frá sér um kl. 2000 umrætt kvöld og farið inn á plan hjá Verki h/f, þar sem hann vann að viðgerð á bretti á bifreið sinni. Þar hafi hann byrjað að drekka „Sherryið“, þar sem kalt var og hann fá-
 klæddur.

Um kl. 2230 hafi hann síðan ekið af stað til Reykjavíkur, og ók hann síðan um ýmsar götur, þar til hann var stöðvaður.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, en þó ein-
 hverrar breytingar. Samt taldi hann ökugetu sína óskerta. Hann kvaðst hafa verið búinn að drekka megnið eða jafnvel allt inni-
 hald fyrrgreindrar „Sherry“-flösku. Af því, sem rakið hefur verið, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða um áfengisneyzlu, verður að telja sannað, að hann hafi gerzt sekur um það atferli, sem í ákæru greinir, en það varðar við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Eftir atvikum þykir refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega

ákveðin sekt, kr. 3.000.00, er greiðist innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, en ella sæti hann 12 daga varðhaldi.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага að svipta ákærðan ökuleyfi í 8 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Jónasson, greiði sekt, kr. 3.000.00, í ríkissjóð innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en sæti ella 12 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. desember 1965.

Nr. 116/1965. **Sigurður Helgason**

gegn

Grétari Jónssyni og Sturlaugi Friðrikssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Sigurður Helgason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.